

**Sp.**

**72. Fyrirspurn**

[67. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hver var heildartala styrk- og lánþega 1974 og hver er talið að hún verði árið 1975?
2. Hver er tala námslána og styrkja á þessu ári til námsmanna í hverri námsgrein fyrir sig: a) á háskólastigi, b) í öðrum námsgreinum — óskast í báðum tilfellum tilgreind tala námslána til námsmanna erlendis?
3. Hve há er framfærslukostnaður námsmanna áætlaður á mánuði í hverju landi fyrir sig, þar sem íslenskir námsmenn dvelja?
4. Hve hári upphæð nema veitt lán sjóðsins samtals síðan 1967, er lögin um Lánasjóð námsmanna voru samþykkt?
5. Hve hári upphæð nema greiddar afborganir námslána samtals á sama tíma, og hver er vaxtagreiðsla til sjóðsins af námslánunum á þessu tímabili?
6. Hver var heildarskuldabréfaeign sjóðsins vegna námslána í árslok 1974? Óskað er skriflegs svars við fyrirspurninni.